

Ed.

161. Nefndarálit

um frumvarp til siglingalaga.

Með þingsályktunartillögu, sem Nd. Alþingis samþykkti 1909, var skorað á landsstjórnina að semja og leggja fyrir næsta þing frumvarp til laga um sjómensku á íslenskum þilskipum, er stunda fiskiveiðar eða flutninga með ströndum fram.

Í stað þess að setja nokkur sjerstök lagaákvæði um sjómensku við fiskiveiðar, lagði stjórnin út á íslensku hin dönsku siglingalög frá 1. apríl 1892 og lagði þau fyrir þingið 1911. Á því þingi var sett nefnd í málið í Nd., er útvegaði sjer strax lögfræðislega aðstoð Jóns prófessors Kristjánssonar. Tók hann frumvarpið til rækilegrar athugunar og benti á, að gera þyrfti á því margar og mikilvægar breytingar í ýmsum greinum, einkum að því er snerti samræmi við gildandi íslensk lög, og að betur yrði að sjá fyrir, að frumvarpið fullnægði fiskiveiðunum, en gert væri ráð fyrir, enda hefði það verið tilgangur þingsályktunartillögunnar. Þingdeildin vísaði því frumvarpinu aftur með rökstuddri dagsskrá til stjórnarinnar, til þess að það yrði athugað betur og fengi ítarlegri undirbúning. Stjórnin lagði því næst frumvarpið fyrir þingið 1912 í endurbættri útgáfu. Fylgdi frumvarpinu þá ítarlegt álitsskjal frá Jóni Kristjánssyni prófessor. Hafði hann gert margar og mikilvægar breytingar á því og samið rækilegar ástæður fyrir þeim, og jafnframt hafði hann samið ítarlega skýringu við frumvarpið í heild sinni.

Nefnd var þegar í þingbyrjun sett í Ed., til að athuga frumvarpið, og vann hún mikinn hluta þingtímans að því. Gerði hún ýmsar breytingar á frumvarpinu, er stjórnin hefur fallist á í frumvarpi því, sem hjer liggur fyrir.

Frumvarp þetta snertir að mjög litlu leyti þá hlið siglinga, sem að hinu opinbera veit, enda gilda á því sviði ýms lög all ítarleg, sem ekki virðist ástæða til að auka við eða breyta að svo stöddu. Þannig eru ákvæði um tilhögun á skrásetning skipa. Um lögin 13. des. 1895 um mæling skipa, í tilskipun 25. júní 1869. Um eftirlit með því, að skip sjeu sjófær l. 22. oktbr. 1912, um atvinnu við siglingar l. 10. nóv. 1905, um strönd og björgun 14. jan. 1876. Þá eru

og til sjerstakar siglingareglur, löggjöf um botnvörpuveiðar og fl., sem að mestu leyti einnig veit að því opinbera.

Um einkarjettarmálefni siglinga eru aftur á móti að eins dreifð og ósamstæð ákvæði í núgildandi íslenskum lögum. Í raun og veru er að eins um tvenn lög að ræða, sem nokkru máli skifta, farmannalögin frá 22. mars 1890, sem tekin voru eftir dönskum lögum, sem þá giltu, en í þeim eru ákvæði um ráðning í skiprúm, lögskráningar, kaup skipverja, leiðarbækur skipa o. fl., og lög 16. nóv. 1907 um veð í skipum og ýms önnur rjettindi yfir skipum. Farmannalög Jónsbókar munu hins vegar að miklu leyti feld úr gildi. Í einstöku lögum öðrum munu og vera sjerstök ákvæði, þannig um árekstur í lögum 9. september 1899. Þá má og nefna 2. tilskipanir, aðra 28. des. 1792 um boðmerilán, hina 14. des. 1794 um repondentialán.

Af þessu er augljóst, að um mörg einkarjettarefni siglinga eru engin ákvæði og um fjölda mörg að eins ófullnægjandi ákvæði. Þannig eru nálega engin ákvæði um ábyrgð útgerðarmanna á gjörðum skipstjóra og skipshafnar, um skipstjórasamninga og skyldur skipstjóra, um ábyrgð hans á brotum skipverja nje um umboð skipstjóra fyrir útgerðarmenn og váttryggingar.

Enn fremur eru engin ákvæði um farmsamninga og farmskrár, sameiginlegt sjóttjón (Groshavari), um skaðabætur fyrir ásiglingar, og upphæð björgunarlauna, nema um strand sje að ræða. Úr þessu er bætt með frumvarpi því sem hjer liggur fyrir. Í því er safnað saman í eina heild ítarlegum reglum um flest einkarjettarefni siglinga og sjómensku. Í sjálfu sjer er það atriði eins til mikilla þæginda, að dreifðum lögum er safnað í eina heild, en aðalatriðið verður þó alt af, hvernig lögin eru úr garði gerð. Viðfangsefni það, sem löggjafinn hefur hjer, er all erfitt, af því að gefa þarf lög um atvinnurekstur, sem er mjög ósamkynja, eins og kaupsiglingar og fiskiveiðar.

Ákvæði þau, sem um kaupsiglingar gilda á meðal siglingaþjóða, eru alstaðar mjög lík. Vissar alþjóðareglur hafa myndast, og er því að sjálfsögðu, að taka þarf fult tillit til þeirra í samskonar löggjöf hjá oss, engu síður en annarsstaðar. Að því er þessa hlið siglinganna snertir, virðist nefndinni, að frumvarp það, sem hjer liggur fyrir, sje fullnægjandi. Í sjálfu sjer er hjer um mikla rjettarbót að ræða, því þó það megi að vísu með rjettu segja, að vjer Íslendingar tókum enn lítinn þátt í kaupsiglingum, þá snerti þó ýms ákvæði um kaupsiglingar alt viðskiftalíf vort, eins og reglurnar um flutningssamninga í 6. kafla. Ákvæðin þar t. d. um farmskírteini eiga stöðugt meira og meira erindi til vor, hvort sem vjer siglum eða ei. Auk þess virðist rjett að geta þess, að áhugi landsmanna á því að taka kaupsiglingar í hendur sínar virðist fara sívaxandi, og rætist úr þeim áhuga, er ljóst að því meiri þörf verður á löggjöf þessari. Ördugra er aftur á móti að samrýma kaupsiglingareglurnar við ákvæðin um fiskiveiðarnar. Að vísu eru nú æðimargar sameiginlegar reglur, sem gilda um allar siglingar, og á því svæði virðast ákvæði frumvarps þessa vera fullnægjandi, en aðalvandinn er að gæta þess að setja ekki ákvæði í lögin, miðuð aðallega við kaupsiglingar, sem geti orðið fiskiveiðunum til skaða. Þar sem slík ákvæði hafa komið fyrir, hefir við undirbúning þessa frumvarps verið reynt að laga þau eftir hinum sjerstöku kröfum um fiskiveiðarnar. Má í þessu sambandi minna á, að í 40. gr. eru gefin sjerstök ákvæði um bækur þær, er skip brúka, sem fiskiveiðar og flutning stunda hjer við land og eru yfir 12 tonn.

Nefndin lítur yfir höfuð svo á, að í frumvarpi þessu sjeu mörg ákvæði til stórhagsmuna fyrir fiskiveiðarnar, en hinsvegar virðist nefndinni, að frumvarpið í þeirri mynd, sem það nú er, feli ekki í sjer ákvæði, sem óttast þurfi, að verði fiskiveiðunum að tjóni. Hinsvegar er nefndinni það ljóst, að ástæða gæti verið til að gefa ýms sjerstök ákvæði um fiskiveiðarnar, en á því eru miklir erfíðleikar, að búa til fullnægjandi löggjöf fyrir þennan atvinnuveg, og sist treystandi öðrum til að undirbúa þá löggjöf til fullnaðar, en þeim sem sjerþekkingu hafa. Reynslan mun og best sýna það, ef frumvarp þetta verður að lögum, hvort nýrra ákvæða og hverra sje þörf um fiskiveiðarnar, og eins hins hvort nokkur ákvæði sjeu í frumvarpinu, sem ástæða væri til að undanskilja fiskiveiðarnar frá.

Nefndinni þykir að eins ástæða til að minnst á tvær af breytingum þeim sem hún hefir gert, með því flestar hinar eru að eins orðabreytingar. Er önnur þeirra við 25. gr. Samkvæmt henni fá sameigendur að skipi rjett til innan ákveðins tíma að innleysa skipshluta er einhver þeirra kann að selja. Ákvæði um innlausnarrjett þennan eru tekin nálega óbreytt úr norsku siglingalögum, að eins lengdir sumir frestir, sem eftir staðháttum hjer þóttu of stuttir.

Nefndinni þótti hart, að fjelagsmenn gætu ekki á einhvern hátt komið í veg fyrir, að óheppilegur maður væri tekinn upp í fjelagsskapinn, en vildi þó hinsvegar ekki ganga svo langt, að taka upp forgangsrjett, með því athugavert þykir að leggja of mikið band á viðskiftalífíð.

Hin breytingartillagan er við 40. gr. Samkvæmt ákvæðum greinarinnar eiga skip, sem eru við fiskiveiðar og flutninga hjer við land, og eru 30 tonn að ummáli, að halda dagbók. Breytingin fer í þá átt að skylda þessi hvili á skipum, sem eru 12 tonn eða þar yfir. Ástæðan til breytingarinn er sú, að nefndinni er kunnugt um, að fiskiskip á Vestfjörðum eru flest undir 30 tonnum, og þótti athugavert að þeim væri slept við að halda dagbók.

Nefndinni þykir rjett að benda á samning 24 þjóða í Bryssel 1910, er inniheldur ýmsar reglur um björgunarlaun og árekstur. Ennþá hefir samningur þessi ekki verið staðfestur, og þótti nefndinni því ekki ástæða til að breyta reglum frumvarpsins samkvæmt honum að svo stöddu, enda enginn verulegur munur á honum og ákvæðum frumvarpsins um sama efni. Nefndin treystir því hinsvegar, að greindum ákvæðum frumvarpsins verði breytt í samræmi við áminstan samning, jafnskjótt og unt er, eftir að hann kann að verða staðfestur.

Samkvæmt ofanrituðu leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum þeim, sem eru á þingskjali, 170.

Alþingi, 24. júlí 1913.

Eiríkur Briem,
formaður.

Sig. Eggerz,
skrifari og framsögumaður.

Sigurður Stefánsson.

H. J. Kristófersson.

Einar Jónsson.